

EFTIRLITSSKÝRSLA

H.B Grandi á Vopnafirði Vopnafjörður



Dags eftirlits	23.11.2012	Fulltrúi UST	Leifur Þorkelsson
Fyrirtæki	H.B Grandi á Vopnafirði	Fulltrúi UST	
Heimili		Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5411850389	Flokkur	Fiskimjòlsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinbjörn Sigmundsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Jörgen Sverrisson	Staðsetning	691171,367 590414,525

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu í ljós tvö frávik starfsleyfi verksmiðjunnar, ekki var tilkynnt til eftirlitaðila þegar vinnsla hófst á ný eftir meira en mánaðarstopp og ekki hefur verið útbúin áætlun um frágang vegna rekstarstöðvunar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með verksmiðjustjóra og gæðastjóra. Farið var yfir starfsleyfi fyrirtækisins og síðustu eftirlitsskýrslu. Engin kvörtun hefur borist vegna starfseminnar það sem af er ári. Engar breytingar hafa verið gerðar á verksmiðjunni frá því að síðasta eftirlitsferð var farin.

Sýni voru tekin af fráveituvatni frá verksmiðjunni í febrúar sl. Niðurstöður sýnatökunnar koma fram í skýrslu frá rannsóknarstofu Eflu. Skv. skýrslunni er losun frá verksmiðjunni innan losunarmarka starfsleyfis.

Hraði útblásturslofts frá skorsteini var mældur í febrúar sl. Niðurstöður mælinganna koma fram í skýrslu frá verkfræðistofunni Verkís. Skv. skýrslunni er hraði útblásturslofts hærrí en sá lágmarkshraði sem tilgreindur er í starfsleyfi.

Grænu bókhaldi vegna starfseminnar á Vopnafirði hefur verið skilað og það birt á vef Umhverfisstofnunnar.

Fram kom að mjög hefur dregið úr olíunotkun í verksmiðjunni á undanförunum árum í kjölfar aukinnar rafvæðingar.

TVN gildi í hráefni er mælt áður en það er tekið til vinnslu. Í einu tilfelli þar sem af er ári hefur TVN mælist yfir viðmiðunarmörkum og var tilkynnt um atvikið til eftirlitsaðila í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Verksmiðjan starfar skv. FEMAS umhverfisstjórnunarkerfi og koma fulltrúar frá FEMAS reglulega í fyrirtækið og hafa eftirlit með því að kerfinu sé fylgt eftir.

Fram kom að það fórst fyrir að tilkynna eftirlitaðila þegar verksmiðjan var gangsett aftur eftir að hafa verið stopp í meira en mánuð.

Ekki hefur verið útbúin áætlun um frágang vegna rekstarstöðvunar en slíka áætlun átti fyrirtækið að útbúa inna árs frá gildistöku starfsleyfis.

Það sem af er ári hefur verksmiðjan unnið úr um það bil 76.000 tonnum af hráefni, að langmestu leyti er um að ræða fráflokkun og aukaafurðir frá frystihúsi HB Granda á Vopnafirði og er hráefni dælt til verksmiðjunnar eftir lokuðu kerfi. Verksmiðjan er keyrð á tiltölulega lágum afköstum og unnið er úr hráefni frá frystihúsi jafn óðum og það best til vinnslu í stað þess að safna hráefni upp og vinna í lotum.

Allt sorp sem til fellur í verksmiðjunni er flokkað á staðnum ásamt sorpi frá frystihúsi HB Granda á Vopnafirði. Starfsmaður á vegum fyrirtækisins annast flokkunina og er endurvinnanlegum úrgangi haldið sér og hann flokkaður í nokkra flokka. Spilliefni eru einnig flokkuð sérstaklega í nokkra flokka. Annað sorp er flutt til urðunar.

Að fundi loknum var verksmiðjan skoðuð í fylgd verksmiðjustjóra sem gerði meðal annars grein fyrir

aðgerðum sem fyrirtækið hefur gripið til vegna orkusparnaðar m.a. með notkun varmaskipta. Þá gerði verksmiðjustjóri grein fyrir þvottakerfi sem sett hefur verið í blóðvatnstanka. Engin vinnsla var í gangi þegar eftirlit fór fram en unnið var að almennu viðhaldi í verksmiðjunni.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 1.5 í starfsleyfi	Gera þarf áætlun um frágang vegna rekstararstöðvunar.
gr. 1.5 í starfsleyfi	Tilkynna þarf til eftirlitaðila þegar verksmiðjan er gangsett aftur eftir meira en mánaðar stopp.


ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirliti.

ANNAÐ

Minnt er á að hávaða frá verksmiðjunni þarf að mæla fyrir árslok 2012 í samræmi við lið 3.4 í starfsleyfi.

Reykjavík, 14.12.2012



Leifur Þorkelsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.